



Fundargerð

**496. fundur sveitarstjórnar Skaftárhrepps
haldinn í fundaraðstöðu sveitarfélagsins, Klausturvegi 4,
fimmtudaginn 14. september 2023, kl. 09:00.**

Fundinn sátu:

Jóhannes Gissurarson, Björn Helgi Snorrason, Gunnar Pétur Sigmarsson, Auður Guðbjörnsdóttir, Sveinn Hreiðar Jensson og Einar Kristján Jónsson.

Fundargerð ritaði: Einar Kristján Jónsson, sveitarstjóri.

Oddviti, bauð fundarmenn velkomna og setti fundinn, klukkan 09.00.

Fundargerðir til samþykktar

1. 2309002F - Skipulagsnefnd - 187

Lögð fram fundargerð 187. fundar skipulagsnefndar, frá 12. september 2023.

- 1.1 2302029 - Deiliskipulag Núpum - Breyting

Niðurstaða Skipulagsnefnd - 187

Skipulagsnefnd telur ekki ástæðu til að auglýsa að nýju þrátt fyrir þær breytingar sem gerðar hafa verið á skipulagsgögnum. Nefndin leggur til við sveitarstjórn að deiliskipulagið taki gildi með auglýsingu í B-deild stjórnartíðinda að lokinni afgreiðslu Skipulagsstofnunar í samræmi við 1. mgr. 42. gr. skipulagsлага nr. 123/2010.

Sveitarstjórн staðfestir samhljóða ákvörðun skipulagsnefndar.

- 1.2 2309033 - Hemruhlíð nýtt deiliskipulag

Niðurstaða Skipulagsnefnd - 187

Skipulagsnefnd leggur til við sveitarstjórn að tillagan fái málsmeðferð í samræmi við 1. mgr. 42. gr. skipulagsлага nr. 123/2010 og verði auglýst en tillagan getur ekki fengið endanlega samþykkt fyrr en endurskoðað aðalskipulag tekur gildi. Skipulagsfulltrúa falið að koma ábendingum um leiðréttigar á skipulagsgögnum til skipulagsráðgjafa.

Sveitarstjórн staðfestir samhljóða ákvörðun skipulagsnefndar.

- 1.3 2309034 - Breytingar á lóðum í Efri-Vík

Niðurstaða Skipulagsnefnd - 187

Skipulagsnefnd leggur til við sveitarstjórn að breyting lóðanna verði samþykkt. Byggingarfulltrúa falið að vinna málið áfram

Sveitarstjórн staðfestir samhljóða ákvörðun skipulagsnefndar.

- 1.4 1904001 - Endurskoðun Aðalskipulags

BHS
SRI. AB. J.S.
Ges



Fundargerðir til kynningar

2. 2309004 - Bergrisinn bs

Lögð fram fundargerð 59. stjórnarfundar Bergrisans bs., frá 9. júní 2023.

Lagt fram til kynningar.

3. 2309005 - Bergrisinn bs

Lögð fram fundargerð 60. stjórnarfundar Bergrisans bs., frá 12. júní 2023.

Lagt fram til kynningar.

4. 2309006 - Bergrisinn bs

Lögð fram fundargerð 61. stjórnarfundar Bergrisans bs., frá 12. júlí 2023.

Lagt fram til kynningar.

5. 2309016 - Bergrisinn bs.

Lögð fram fundargerð aukaaðalfundar, frá 15. júní 2023, ásamt nýjum samþykktum byggðasamlagsins.

Lagt fram til kynningar.

6. 2309007 - Heilbrigðisnefnd Suðurlands

Lögð fram fundargerð 229. fundar Heilbrigðisnefndar Suðurlands, frá 8. ágúst 2023

Lagt fram til kynningar.

7. 2309011 - Skógasafn

Lögð fram fundargerð aðalfundar Skógasafns, frá 30. júní 2023.

Lagt fram til kynningar.

8. 2309012 - Fjallskilanefnd Álfaversafréttar

Lögð fram fundargerð frá 18. ágúst 2023, ásamt fjallskilaseðli 2023.

Lagt fram til kynningar.

9. 2309013 - Fjallskilanefnd Skaftártungafréttar

Lögð fram fundargerð frá 22. ágúst 2023, ásamt fjallskilaseðli 2023.

Lagt fram til kynningar.

10. 2309014 - Fjallskilanefnd Landbrots- og Miðafréttar

Lögð fram fundargerð frá 23. ágúst 2023, ásamt fjallskilaseðli 2023.

Lagt fram til kynningar.

JL. BHS
Shi. AL
GRS



11. 2309028 - Fjallskilamál
Lögð fram fundargerð, frá 21. ágúst 2023, með fjallskilastjórum Álfavers, Skaftártungu, Landmanna, Rangárvalla og Hvolshrepps.

Lagt fram til kynningar.

12. 2110008 - Gróðurskáli - byggingarnefnd
Lögð fram fundargerð 3. fundar byggingarnefndar, gróðurskála Klausturhóla, frá 5. júlí 2023.

Lagt fram til kynningar.

Málefni til umfjöllunar/afgreiðslu

13. 2309031 - Starfsmannamál

Fyrirhuguð ráðning á fjármála- og skrifstofustjóra, sveitarfélagsins

Sveitarstjóri greindi frá málinu. Sveitarstjóri greindi meðal annars frá því að núverandi fjármála- og skrifstofustjóri, hefur óskað eftir því að láta af störfum vegna aldurs á árinu 2024. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að fela Intellecta að auglýsa eftir fjármála- og skrifstofustjóra fyrir sveitarfélagið. Er sveitarstjóra falið að vinna málið áfram.

14. 2309001 - Sýslumaðurinn á Suðurlandi

Erindi dagsett 8. ágúst 2023, vegna umsagnarbeiðni vegna tækifærисleyfis, fyrir réttarball á Kirkjubæjarklaustri, þann 9. september 2023.

Lagt fram að nýju. Sveitarstjórn samþykkti veitingu leyfisins fyrir sitt leyti með fyrirvara um samþykki annarra umsagnaraðila með rafrænum hætti á milli funda sinna.

15. 2309002 - Sýslumaðurinn á Suðurlandi

Erindi dagsett 5. september 2023, vegna umsagnarbeiðni vegna tækifærисleyfis, fyrir dansleik á Kirkjubæjarklaustri, þann 23. september 2023.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða, veitingu leyfisins fyrir sitt leyti með fyrirvara um samþykki annarra umsagnaraðila.

16. 2309003 - Sýslumaðurinn á Suðurlandi

Erindi dagsett 24. ágúst 2023, vegna umsagnarbeiðni vegna tækifærисleyfis fyrir réttarball, í Félagsheimilinu Tunguseli, þann 16. september 2023

Lagt fram að nýju. Sveitarstjórn samþykkti veitingu leyfisins fyrir sitt leyti með fyrirvara um samþykki annarra umsagnaraðila með rafrænum hætti á milli funda sinna.

Auður Guðbjörnsdóttir, vék af fundi undir þessum lið.

ph. B HS
Shi. M
1503 GFS



17. 2309010 - Samtök sunnlenskra sveitarfélaga
Lagt fram bréf, dagsett, 31. ágúst, þar sem boðað er til ársþings SASS, dagana 26. og 27. október næstkomandi.
Ákveðið hefur verið að halda ársþing Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga 26. og 27. október nk. á Hótel Vík í Mýrdalshreppi. Á ársþinginu verða haldnir aðalfundir SASS, Heilbrigðiseftirlits Suðurlands og Sorpstöðvar Suðurlands.
Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að fulltrúar Skaftárhrepps á ársþingi Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga verði, Jóhannes Gissurarson, Auður Guðbjörnsdóttir og Sveinn Hreiðar Jensson, aðalmenn og til vara Gunnar Pétur Sigmarsson, Björn Helgi Snorrason og Jón Hrafn Karlsson.
18. 2309027 - Ungmennafélag Íslands
Lagt fram bréf, dagsett, 22. ágúst 2023, vegna ungmennaráðstefnu sem haldin verður dagana 22 til 24. september næstkomandi.
Sveitarstjóri gerði grein fyrir málínu. Sveitarstjórn vísar erindinu til íþróttá- og æskulýðsfulltrúa sveitarfélagsins.
19. 2309029 - Ungmennasamband Vestur-Skaftafellssýslu
Lagt fram bréf dagsett, 4. september 2023, þar sem óskað er eftir aðstoð Skaftárhrepps að halda landsmót 50+ sumarið 2025 á Kirkjubæjarklaustri.
Sveitarstjórn Skaftárhrepps samþykkir samhljóða að styðja umsókn Umgmennasambands Vestur-Skaftafellssýslu um að halda Landsmót 50+ á Kirkjubæjarklaustri sumarið 2025. Skaftárhreppur lýsir sig jafnframt reiðubúið til að vera USVS og UMFÍ til aðstoðar á hvern þann hátt sem getur orðið til þess að mótið verði sveitarfélagini og ungmennasambandinu til sóma.
Ennfremur er Skaftárhreppur reiðubúinn að leggja til afnot af þeim íþróttamannvirkjum sem nýtast á viðburðinum og eru samkomusalir á vegum sveitarfélagsins sem nýta má lánaðir til notkunar vegna mótsins.
20. 2309030 - Reglur um úthlutun á leiguþúsnaði í eigu Skaftárhrepps
Lagðar fram nýjar reglur um úthlutun á leiguþúsnaði í eigu Skaftárhrepps (aðrar en félagslegar íbúðir)
Lagt fram að nýju, áður lagt fram á 493. fundi sveitarstjórnar. Sveitarstjóri gerði grein fyrir málínu. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða fyrir liggjandi reglur.
21. 2307023 - Trúnaðarmál
Lagt fram erindi Mílu, vegna kaupa Mílu á ljósleiðarakerfi Skaftárhrepps.
Sveitarstjóri gerði grein fyrir málínu. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að selja Mílu ljósleiðarakerfi sitt, eða samtals 75 tengingar. Kaupverð er trúnaðarmál á milli aðila. Sveitarstjóra falið að undirrita kaupsamninga fyrir hönd sveitarfélagsins.

B HS
Sri. Ab. JG.
GFS



22. 2307004 - Félags- og skólaþjónusta Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu
Fundargerð, frá 74. fundi, sem haldinn var þann 30. júní 2023, er lögð fram að nýju. Liðir 2 til 6 þurfa staðfestingu sveitarstjórnar Skaftárrepps.

Dagskráliðir 2 - 6

2. Reglur um fjárhagsaðstoð.

Sveitarstjórn Skaftárrepps samþykkir samhljóða, reglurnar fyrir sitt leyti.

3. Reglur um sérstakan húsnæðisstuðning.

Sveitarstjórn Skaftárrepps samþykkir samhljóða, reglurnar fyrir sitt leyti.

4. Stuðningsþjónusta 18 ára og eldri.

Sveitarstjórn Skaftárrepps samþykkir samhljóða, reglurnar fyrir sitt leyti.

5. Reglur fyrir starfsmenn í stoð- og stuðningsþjónustu.

Sveitarstjórn Skaftárrepps samþykkir samhljóða, reglurnar fyrir sitt leyti.

6. Stuðningur við börn og fjölskyldur þeirra.

Sveitarstjórn Skaftárrepps samþykkir samhljóða, reglurnar fyrir sitt leyti.

23. 2303034 - Sorphirða í Vestur-Skaftafellssýslu.

Lagður fram verksamningur á milli Kubbs ehf annars vegar og Skaftárrepps hins vegar, vegna sorphirðu í sveitarfélagit.

Sveitarstjóri gerði grein fyrir málinu. Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við framlagðan verksamning.

Sveinn H. Jansson, sat hjá við afgreiðslu málsins.

24. 2309036 - Kosning í fræðslunefnd

Kosning fulltrúa í fræðslunefnd skv. 28. gr. samþykkta um stjórn og fundarskóp Skaftárrepps, nr. 1530/2020.

Sveinn H. Jansson, lagði fram tillögu um að Ingimar Helgason, myndi færast upp sem aðalmaður í fræðslunefnd og Ásgerður Gróðra Hrafnssdóttir, yrði varamaður. Tillagan samþykkt samhljóða.

BHS
SHE
H
GEF



Mál til kynningar

25. 2309035 - Félagsheimilið Kirkjuhvoll

Lögð fram skýrsla Eflu, verkfræðistofu vegna rakaskimunar og sýnatöku í félagsheimilinu og Hjúkrunar- og dvalarheimilinu Klausturhólum.

EFLA verkfræðistofa var fengin til að gera rakaskimun og taka sýni á völdum stöðum í byggingu Félagsheimilisins Kirkjuhvols. Jafnframt var Hjúkrunar- og dvalarheimilið Klausturhólar, skoðað að litlu leiti. Skoðun á félagsheimilinu, fólst í sjónskoðun, rakaskimun með rakamæli, DNA sýnatökur úr ryki og byggingasýnatöku. Við ástandsskoðun kom í ljós að rakaskemmdir og rakaummerki voru víða. Öll byggingarsýni sem tekin voru reyndust mygluð. Skýrsla EFLU, sýnir að ástand Félagsheimilisins Kirkjuhvols er í raun skelfilegt í alla staði. Sveitarstjóri lagði fram drög af kostnaðaráætlun vegna viðgerða á húsinu til að gera það hættulaust fyrir starfsemi. Hljóðar kostnaðaráætlunin upp á um 250 milljónir króna.

26. 2309009 - Skógasafn

Ársskýrsla og ársreikningar ársins 2022, lagt fram til kynningar.

Lagt fram til kynningar.

27. 2309015 - Fjallskilanefnd Austursíðu afréttar

Lagður fram fjallskilaseðill Austur-Síðu afréttar og Fljótshverfis 2023.

Lagt fram til kynningar.

28. 2309017 - Byggðastofnun

Lagt fram bréf, dagsett, 29. ágúst 2023, þar sem boðið er á málþing um byggðabréounarverkefnið Brothættar byggðir.

Lagt fram til kynningar.

29. 2309018 - Eignarhaldsfélagið Brunabótafélag Íslands

Lagt fram bréf, dagsett, 23. ágúst 2023, þar sem boðað er til aðalfundar EBÍ, þann 6. október næstkomandi.

Lagt fram til kynningar.

30. 2309019 - Markaðsstofa Suðurlands

Bréf, dagsett, 4. ágúst 2023, þar sem óskað er eftir lista yfir áhersluverkefni sveitarfélagsins vegna uppbyggingu áfangastaða.

Lagt fram til kynningar. Sveitarstjóri gerði grein fyrir málinu, taldi hann það frekar undarlegt að sveitarfélag sem hefði alla þessa náttúrufegurð væri bara með einn stað skráðan sem áfangastað og að það væri brú yfir Skaftá. Sveitarstjóra falið að vinna málið áfram.

B HS
SRI. M. GS.
GSS
1506



31. 2309020 - Náttúrustofa Suðausturlands
Bréf, dagsett, 15. ágúst 2023, þar sem óskað er eftir áframhaldandi samstarfi við Sveitarfélagið Hornarfjörð og Skaftárhrepp.
Lagt fram til kynningar. Sveitarstjórn lýsir yfir stuðningi þess efnis að þessu samstarfi verði framhaldið.
32. 2309021 - Samtök sveitarfélaga á köldum svæðum
Lagt fram bréf, dagsett 24. ágúst 2023, þar sem boðað er til aðalfundar föstudaginn 22. september næstkomandi.
Lagt fram til kynningar. Sveitarstjóra falið að sækja fundinn fyrir hönd sveitarfélagsins.
33. 2309022 - Samtök Orkusveitarfélaga
Lagt fram bréf, dagsett 5. september 2023, þar sem boðað er til aukaaðalfundar, þriðjudaginn 19. september 2023.
Lagt fram til kynningar. Sveitarstjóra falið að sækja fundinn fyrir hönd sveitarfélagsins.
34. 2309024 - Jöfnunarsjóður sveitarfélaga
Lagt fram bréf, dagsett, 24. júlí 2023, vegna umsóknar um framlag úr Fasteignasjóði Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga.
Lagt fram til kynningar. Skaftárhreppur fékk úthlutað 3.104.000 kr. vegna lyftukaupa við skrifstofu sveitarfélagsins.
35. 2309025 - Samband íslenskra sveitarfélaga
Lagt fram bréf, dagsett, 28. ágúst 2023, vegna forsenda fjárhagsáætlana sveitarfélaga 2024 til 2027.
Lagt fram til kynningar.
36. 2309026 - Innviðaráðuneytið
Lagt fram bréf, dagsett, 5. september 2023, hvatning til sveitarstjórnar að móta sér málstefnu.
Lagt fram til kynningar.

BHS
Shi
Jóni
Ges
1507



Skýrsla sveitarstjóra

37. 2309032 - Fundur 496

Sveitarstjóri gerði grein fyrir störfum sínum.

Sveitarstjóri lagði fram minnisblað vegna reksturs sundlaugar og aðsóknartölur fyrstu 7 mánuði ársins. Verulegur hallarekstur er á sundlauginni sem nemur um 5 milljónum á mánuði að meðaltali.

Þar sem tilraun sem gerð var með að auka opnunartíma sundlaugarinnar, gekk ekki upp, lagði oddviti fram tillögu þess efnis að sundlaugin yrði opin frá 11.00 til 19.00 frá mánudögum til laugardaga. Sundlaugin yrði lokað á sunnudögum og rauðum helgidögum. Mun þessi ákvörðun gilda frá og með mánudeginum 18. september 2023, þar til að annað verður ákveðið.

Tillagan samþykkt samhljóða.

Gunnar Pétur Sigmarsson, vék af fundi undir afgreiðslu málsins.

Sveitarstjóri lýsti yfir áhyggjum sínum á því hvað það gengi illa að manna stöður hjá sveitarféluginu, hvort sem það væri leikskóli, grunnskóli, dvalarheimili eða hvað annað sem vantaði. Kæmi þessi þörf á starfsmönnum niður á þjónustu sveitarfélagsins, sem væri bagalegt. Sveitarstjóri greindi frá því að stór atvinnuauglýsing hefði verið birt í Morgunblaðinu í dag og vonandi skilaði það einhverju.

Vegna þess ástands sem nú ríkir á Hjúkrunar- og dvalarheimilinu Klausturhólum, óskar sveitarstjóri eftir því við sveitarstjórn að fyrirtækið Líf og Sál verði fengið til að gera vinnustaðagreiningu á Hjúkrunar- og dvalarheimilinu sem allra fyrst. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða málið og felur sveitarstjóra að vinna málið áfram.

Fleira ekki gert,
fundi slitið kl. 12:55.

Jóhannes Gissurarson
Jóhannes Gissurarson

Björn Helgi Snorrason
Björn Helgi Snorrason

Gunnar P. Sigmarsson
Gunnar Pétur Sigmarsson

Auður Guðbjörnsdóttir
Auður Guðbjörnsdóttir

Sveinn H. Jansson
Sveinn Hreiðar Jansson